

FORSETAÚRSKURÐUR

um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti er störfum þannig skipt með ráðherrum:

1. gr.

Forsætisráðherra.

Krístur Frostadóttir fer með stjórnarmálefni sem heyrir undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands nr. 6/2022, sbr. forsetaúrskurði nr. 2/2023, 8/2024 og 113/2024, og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

2. gr.

Atvinnuvegaráðherra.

Hanna Katrín Friðriksson fer með stjórnarmálefni sem heyrir undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið skv. 8. tölul. 5. gr., matvælaráðuneytið skv. 8. gr., að undanskildum d-lið 4. tölul. og 6.–7. tölul., og menningar- og viðskiptaráðuneytið skv. 1., 2., 6. og 7. tölul. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *atvinnuvegaráðherra*.

3. gr.

Dómsmálaráðherra.

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyrir undir dómsmálaráðuneytið skv. 2. gr. og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið skv. 5. og 6. tölul. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.

4. gr.

Félags- og húsnæðismálaráðherra.

Inga Sæland fer með stjórnarmálefni sem heyrir undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið skv. 3. gr., að undanskildum ee-lið 4. tölul., 5. og 6. tölul., heilbrigðisráðuneytið skv. m–q-lið 3. tölul. 6. gr. og innviðaráðuneytið skv. 4. og 5. tölul. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og húsnæðismálaráðherra*.

5. gr.

Fjármála- og efnahagsráðherra.

Daði Már Kristófersson fer með stjórnarmálefni sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

6. gr.

Heilbrigðisráðherra.

Alma Dagbjört Möller fer með stjórnarmálefni sem heyrir undir heilbrigðisráðuneytið skv. 6. gr., að undanskildum m–q-lið 3. tölul., forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

7. gr.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

Logi Einarsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið skv. 5. gr., að undanskildum 8. og 10. tölul., og menningar- og viðskiptaráðuneytið skv. 3.–5. og 8.–10. tölul. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra*.

8. gr.

Mennta- og barnamálaráðherra.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið skv. ee-lið 4. tölul. 3. gr. og mennta- og barnamálaráðuneytið skv. 10. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og barnamálaráðherra*.

9. gr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Eyjólfur Ármannsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið skv. 10. tölul. 5. gr. og innviðaráðuneytið skv. 7. gr., að undanskildum 4. og 5. tölul., forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra*.

10. gr.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Jóhann Páll Jóhannsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir matvælaráðuneytið skv. d-lið 4. tölul. og 6.–7. tölul. 8. gr. og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið skv. 11. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra*.

11. gr.

Utanríkisráðherra.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 12. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkisráðherra*.

12. gr.

Úrskurður þessi öðlast þegar gildi. Með úrskurði þessum fellur úr gildi úrskurður nr. 32 frá 9. apríl 2024 um skiptingu starfa ráðherra.

Gjört á Bessastöðum, 21. desember 2024.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Kristrún Frostadóttir.